



Reykjavík, 4. desember 2020
Fundargerð 219. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 4. desember var haldinn 219. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 09:30.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Undir liðum 1 til 7, málefnum almannavarna á höfuðborgarsvæðinu, sátu fundinn þau Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri, Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn, Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar og Ásdís Gíslason upplýsingafulltrúi.

Undir lið 1 mættu á fundinn fulltrúar heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, þær Sigríður Dóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Undirbúningur fyrir bólusetningar

Fulltrúar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, þær Sigríður Dóra og Ragnheiður Ósk, fóru yfir undirbúning vegna bólusetninga á höfuðborgarsvæðinu. Rætt um að nýta það kerfi sem sveitarfélögin nota við kosningar, þ.e. húsnæði, mannskap, skipulag og annað sem þarf til að taka þetta í átaki.

Afgreiðsla: Ákveðið að undirbúa kerfi sveitarfélaganna sem notað er við kosningar og nýta það við skipulag átaks í bólusetningu á höfuðborgarsvæðinu. Jóni Viðari sem framkvæmdarstjóra almannavarna falið að halda utan um það og samræma milli sveitarfélaganna, í samvinnu við heilsugæsluna.

2. Síðustu tölur

Farið stuttlega yfir síðustu tölur.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Auglýsing heilbrigðisráðherra, minnisblað sóttvarnalæknis

Reglugerð er í gildi til 9. desember. Sóttvarnalæknir ráðgerir að senda ráðherra minnisblað í næstu viku með tillögum um aðgerðir eftir 9. desember.

Afgreiðsla: Kynning.

4. Ráðstafanir sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra

Samstarf og samráð hefur verið á milli sveitarfélaganna, sviða og stofnana þeirra á grundvelli AHS.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Ráðstafanir LRH

Lögreglustjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni LRH.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Ráðstafanir SHS

Slökkviliðsstjóri fór yfir ráðstafanir og verkefni SHS.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál AHS

Engin önnur mál

8. Kæra vegna óleyfisbúsetu að Smiðshöfða 7

Fjallað um ákæru ríkissaksóknara vegna óleyfisbúsetu í iðnaðarhúsnæði að Smiðshöfða 7.

Eftirfarandi lagt fram:

- Kæra SHS vegna óleyfisbúsetu að Smiðshöfða 7 í Reykjavík, dags. 16. apríl 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

9. Samningaviðræður við SÍ vegna sjúkraflutninga

Viðræður SHS og Sjúkratrygginga Íslands vegna samnings um sjúkraflutninga hafa hafist, en samningurinn rennur út um mitt næsta ár. SÍ óskar eftir að samið verði til skamms tíma, út árið 2021 og árið nýtt til viðræðna um samning til lengri tíma.

Afgreiðsla: Stjórn gerir ekki athugasemd við að SHS og SÍ geri samning út árið 2021.

10. Lífeyrissjóðurinn Brú

SHS hefur borist bakreikningur frá Lífeyrissjóðnum Brú vegna samtímagreiðslu lífeyrisskuldbindinga á árunum 2017 – 2019. Beðið er nánari greinargerðar sjóðsins og verður málið unnið í samvinnu við endurskoðendur SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samkomulag um samtímagreiðslur, ódags., samþykkt 8. desember 2000.
- Ósk um endurskoðun samkomulags, dags. 5. nóvember 2003.
- Nýtt samkomulag um lífeyrisskuldbindingar, dags. 1. september 2004.

Afgreiðsla: Kynning.

11. Önnur mál SHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:30.

**Fundir verða boðaðir eftir þörfum,
næsti skipulagði fundur er föstudaginn 18. desember.**

Fylgiskjöl:

AHS:

- Engin fylgiskjöl.

SHS:

- Kæra SHS vegna óleyfisbúsetu að Smiðshöfða 7 í Reykjavík, dags. 16. apríl 2018.
- Samkomulag um samtímagreiðslur, ódags., samþykkt 8. desember 2000.
- Ósk um endurskoðun samkomulags, dags. 5. nóvember 2003.
- Nýtt samkomulag um lífeyrisskuldbindingar, dags. 1. september 2004.